

Annað veldi ehf

24. okt. 2011

Skúli Jóhannsson

Á að ljúka borunum vegna jarðvarmavirkjana áður en gengið er til samninga um orkusölu?

Inngangur


Jafnan er litið á reiknivexti sem helsta kostnaðarvald við virkjunarframkvæmdir. Vextir eru því mikilvægur áhættuþáttur, en ekki sá eini.

Orkusalinn gæti orðið berskjaldaður í þröngri samningsstöðu ef orkukaupandi dregur samninga á langinn og eykur þannig fjármagnskostnað orkusala jafnt og þétt. Með því að ganga ekki frá orkusölusamningum fyrr en borframkvæmdum er lokið, er meira lagt undir og kostnaður vegna jarðvarmavirkjana verður meiri.

Reiknivextir

Mynd 1 sýnir breytingu á fjármagnskostnaði jarðvarmavirkjana með reiknivöxtum og eru 6% reiknivextir til viðmiðunar.

Mynd 1




Reiknivextir eru samsettir af millibankavöxtum auk álags, sem um þessar mundir er talið vera 3% en var 1% fyrir efnahagshrunið á Íslandi haustið 2008. Mismunurinn er 2% sem eykur fjármagnskostnað um 11% samkvæmt línuriti á mynd 1, ef miðað er við hækkun reiknivaxta úr 6% í 7%.

Tímasetning jarðvarmavirkjunar

Mynd 2 sýnir breytingu á fjármagnskostnaði pr orkueiningu með tímasetningu jarðvarmavirkjunar. Borframkvæmdir eru áætlaðar 45% af virkjunarkostnaði.

Gert er ráð fyrir því að samningar um orkusölu verði gerðir n árum eftir að borframkvæmdum lýkur og á mynd 2 er n á bilinu 0-10 ár.

Mynd 2



Samkvæmt mynd 2 veldur 4 ára seinkun virkjunarframkvæmda, eftir að framkvæmdum við borholur lýkur, 11,8% hækkun á fjármagnskostnaði pr orkueiningu.

Samkvæmt mynd 1 veldur 1% hækkun á reiknivöxtum svipaðri hækkun eða 10,9%.